8. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til umboðsmanns R. M. Olsens, um að hann megi njóta helmíngs umboðslaunanna af Þíngeyra klaustri, meðan hann um stundar sakir er leystur frá umboðinu.** 1856. 22. apríl.

Í brèfi 7. janúar þ. á., sem amtmaðurinn í norður- og austur-umdæminu hefir sagt álit sitt um, hafið þèr beðið um, í fyrsta lagi: að þar þèr um stundar sakir eruð leystur frá starfa yðar sem umboðsmaður, þèr þá mættuð, þángaðtil dómstólarnir eru búnir að skera úr jarðaþrætu þeirri, sem upp er risin milli yðar og Þíngeyra klausturs, að minnsta kosti njóta helmíngs umboðstekjanna samkvæmt ákvörðunum þeim sem gilda þegar svo stendur á, einkum opin brèf 23. apríl 1813 og 14. september 1830, samanborin við kansellíbrèf 26. maí 1835 og rentukammerbrèf 21. september 1805, og í annan máta: að þrætur þær, sem eru ámilli yðar og umboðsins, verði útkljáðar í einu og innan svo skamms tíma sem unnt er og nauðsynlega með þarf til að skýra málið og halda því fram á löglegan hátt.

Í tilefni af þessu læt eg yður vita, í fyrsta lagi: að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er og í líkíngu af ákvörðunum þeim sem til eru færðar, leyfir að þèr megið njóta helmíngs umboðslaunanna, að minnsta kosti fyrst um sinn og einkum þángað til menn eru komnir að raun um, að skipta þurfi tekjunum til þess að reka störf umboðsins, frá þeim tíma að þèr fengið lausn frá starfa yðar sem umboðsmaður, eða frá 6. júní f. á., og er þetta tilkynnt amtmanninum í brèfi dagsettu í dag; og

í annan máta: að amtmanninum að vísu er gefið í vald að velja þá aðferð, sem honum þykir hentugust með tilliti til málsins eðlis, en að hann þarhjá er beðinn um að gæta þess, bæði að umboðssjóðurinn ekki að nauðsynjalausu hafi kostnað af mörgum málum sem má skera úr í einu, og að því máli eða þeim málum, sem höfðuð væri, sè fram fylgt með tilhærilegum hraða.